

## Svar

### dómsmálaráðherra við fyrirspurn frá Birni Leví Gunnarssyni um rannsóknir á peningaþvætti og lengd þeirra hjá löggreglu.

1. *Hversu margar ábendingar um peningaþvætti bárust skrifstofu fjármálagreininga lögreglu, áður peningaþvættisskrifstofu, hjá héraðssaksóknara á árunum 2015–2020? Svar óskast sundurliðað eftir árum og hvaðan ábendingar bárust.*

	júlí–des. 2015	2016	2017	2018	2019	2020
<b>Fjármálfyrirtæki</b>	158	647	942	1176	1551	1959
<b>Stjórnvöld</b>	0	6	7	18	61	39
<b>Aðrir tilkynningar-skyldir aðilar</b>	0	1	2	6	31	32
<b>Almenningur</b>		1	1	3	2	3
<b>Samtals</b>	<b>158</b>	<b>655</b>	<b>952</b>	<b>1203</b>	<b>1645</b>	<b>2033</b>

Peningaþvættisskrifstofa ríkislöggreglustjóra fluttist til embættis sérstaks saksóknara 15. júlí 2015. Embætti héraðssaksóknara tók til starfa 1. janúar 2016.

Með fjármálfyrirtækjum er átt við eftirfarandi aðila sem eru undir eftirliti Fjármála-eftirlitsins, þ.e. viðskiptabanka, sparisjóði, umboðsaðila greiðslustofnunar, lánastofnanir, greiðslustofnanir, lífeyrissjóði, dreifingaraðila rafeyris, þjónustuveitendur viðskipta milli sýndarfjár, rafeyris og gjaldmiðla, gjaldeyrisskiptastöðvar og verðbréfafyrirtæki.

Með öðrum tilkynningar skyldum aðilum er átt við eftirfarandi aðila sem eru undir eftirliti Skattsins, þ.e. bílasala, endurskoðendur, fasteignasala, heildsala, lögmenn og einstaklinga eða lögaðila sem hafa hlotið starfsleyfi á grundvelli laga um happdrætti eða til reksturs fjársafnana og happdrætta á grundvelli sérlaga.

2. *Hversu margar ábendinganna leiddu til löggreglurannsóknar og hver varð niðurstaða hverrar rannsóknar?*

	júlí 2015 til des. 2016	2017	2018	2019	2020*
<b>Byggt á tilkynningum</b>		134	139	107	326
<b>Greiningar</b>	39	72	76	65	78
<b>Rannsakaðar eða viðbótarupplýsingar inn í mál sem er þegar til rannsóknar</b>	12	25	44	49	41*

\*Miðað við stöðuna í september 2020.

Hlutverk skrifstofu fjármálagreininga löggreglu er að miðla greiningum til lögbærra stjórnvalda á borð við héraðssaksóknara, löggreglu og skattransóknarstjóra. Byggt á upplýsingum úr greiningum geta lögbær stjórnvöld hafið rannsókn eða upplýsingarnar geta verið viðbót

við rannsókn sem þegar er hafin. Þegar rannsókn er lokið eru ákærur gefnar út í þeim tilvikum þegar um áetlaða refsiverða háttsemi er að ræða.

Um það leyti sem sendinefnd FATF kom til Íslands í vettvangsathugun í september á síðasta ári var gerð athugun á hversu oft upplýsingar úr greiningum skrifstofu fjármálagreiningu löggreglu höfðu verið notaðar til að hefja rannsókn eða upplýsingarnar notaðar til viðbótar við rannsókn sem þegar var hafin hjá lögbæru stjórnvaldi. Eins og sjá má í töflu hér að framan, vann skrifstofa fjármálagreininga löggreglu 78 greiningar árið 2020 byggðar á 326 tilkynningum. Miðað við stöðuna í september 2020 höfðu upplýsingar úr 41 greiningu verið notaðar til að hefja rannsókn eða notaðar sem viðbót inn í rannsókn sem þegar var hafin hjá lögbæru stjórnvaldi.

Samkvæmt upplýsingum frá skrifstofu fjármálagreininga löggreglu er ekki hægt að svara því hver niðurstaða hverrar rannsóknar hafi verið út frá þeim upplýsingum og kerfum sem löggregla og ákærvald búa yfir. Til þess að svara fyrirspurninni þyrfti því að fara yfir hvert mál sérstaklega frá því að tilkynning barst og þar til ákæra var gefin út eða málið fellt niður. Slík úttekt yrði svo umfangsmikil að ekki væri hægt að svara í stuttu máli, sbr. 1. mgr. 57. gr. laga um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991.

### *3. Hver var meðallengd löggreglurannsókna í dögum talið árin 2015–2020?*

Samkvæmt upplýsingum frá embætti ríkissaksóknara er ekki hægt að svara 3. tölul. fyrirspurnarinnar út frá þeim upplýsingum og kerfum sem löggregla og ákærvald búa yfir. Til þess að svara fyrirspurninni þyrfti að fara yfir öll mál sérstaklega en vegna fjölda mála yrði slík úttekt svo umfangsmikil að ekki væri hægt að svara í stuttu máli, sbr. 1. mgr. 57. gr. laga um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991.

Í dæmaskyni má nefna að á árinu 2019 voru 9626 brot skráð sem rannsókuð að fullu. Af þeim var gefin út ákæra vegna 8164, eða 84,8%. Þessu til viðbótar er rannsókn vegna fjölda brota lokið hjá löggreglu þegar ekki þykir tilefni til að ljúka rannsókn, t.d. ef í ljós kemur að kæra var ekki á rökum reist eða aðrar ástæður gefa ekki tilefni til að halda rannsókn áfram.

### *4. Hvert var frávik i lengd löggreglurannsókna frá rannsóknaráætlunum fyrir árin 2018–2020 að meðaltali í dögum talið?*

Samkvæmt upplýsingum frá embætti ríkissaksóknara bjóða kerfi löggreglu ekki upp á að greina frávik í lengd löggreglurannsókna frá rannsóknaráætlun. Til þess að svara 4. tölul. fyrirspurnarinnar þyrfti því að fara yfir öll mál sérstaklega og bera saman skráningar í kerfi löggreglu við rannsóknaráætlunar í hverju tilviki. Vegna fjölda mála yrði slík úttekt svo umfangsmikil að ekki væri hægt að svara í stuttu máli, sbr. 1. mgr. 57. gr. laga um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991.

Megintilgangurinn með gerð rannsóknaráætlana er eins og kemur fram í lið 2 í fyrirmælum ríkissaksóknara nr. 2/2018 að ná sem bestum árangri í rannsóknum sakamála með notkun viðeigandi úrræða, mannafla og tíma, að leiða til betri faglegrar stjórnunar og eftirlits með framvindu máls auk þess sem notkun rannsóknaráætlana er grunnur að vandaðri ákvörðunartöku og þar með auknum gæðum rannsóknar, styttri málsmeðferðartíma og réttri niðurstöðu. Meginmarkmið rannsóknaráætlana er því ekki að setja einhvers konar lokafrest fyrir viðkomandi rannsókn. Gera má ráð fyrir því að rannsóknaráætlun taki í flestum tilvikum breytingum eftir því sem rannsókninni vindur áfram. Almennt ætti lokagerð rannsóknaráætlunar, þar sem bætt hefur verið inn frekari viðvikum við rannsóknina og freustum til að framkvæma þau, að falla að heildartíma sem rannsóknin tekur en þar geta þó verið einhver frávik ef lokafrágangur rannsóknar og frágangur tekur lengri tíma en áætlað var.